

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

VIII. árgangur.

1927.

Mánudaginn 10. jan. 1927.

Nr. 41/1926. **Einar Einarsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Sigríði Þórðardóttir (Pjetur Magnússon).

Barnsfadernismál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 31. mars 1926: Ef kærandi, Sigríður Þórðardóttir, innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður, Einar Einarsson, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 20. ágúst til 20. nóvember 1922, skal kærður teljast faðir tvíbura þeirra, er kærandi ól 19. júní 1923 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með þeim og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða kærandi 25 krónur í málskostnað.

Verði kærandi hinsvegar eiðfall, á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem áfrýjað er með stefnu, dags. 26. apríl f. á., og stefnda hefir fengið gjafvörn í fyrir hæstarjetti og sjer skipaðan talsmann þar, hefir áfrýjandi aflað allmargra vottorða eftir uppkvaðningu lögreglurjettardómsins, og látið staðfesta nokkur þeirra fyrir rjetti. Hafa upplýsingar þessar síðan verið lagðar fram í hæstarjetti, þar á meðal staðfest vottorð um það, hvað stefndu og presti hafi farið á milli,

er börn þau, sem ræðir um í málinu, voru skirð 22 júní 1923, 3 dögum eftir fæðingu þeirra.

Það athugast fyrst, að gefnu tilefni frá áfrýjanda, að ekki þykir ástæða til að ómerkja lögreglurjettardóminn ex officio og vísa málinu frá lögreglurjettinum fyrir þá sök, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir með brjefi, dags. 25. jan. 1926, undirskrifuðu »f. h. r. e. u.« af aðstoðarmanni í ráðuneytinu, framlengt »málshöfðunarfrestinn í tjeðu máli um 4 mánuði«. Að vísu liggur næst að skilja hin tilfærðu orð svo, að við lögmælt ársfrestinn frá fæðingu barnanna skuli bætast 4 mánuðir. En þar sem ráðuneytið hefir vitanlega ætlast til að framlengingin kæmi stefndu að liði, þykir mega skilja leyfið svo, sem fresturinn sje lengdur um 4 mánuði, talið frá dagsetningu leyfisbrjefsins eða a. m. k. frá 11. des. 1925, dagsetningu framlengingarbeiðninnar.

Ekki þykir heldur þurfa að ómerkja lögreglurjettardóminn ex officio og vísa málinu heim til nýrrar meðferðar fyrir það, að manni þeim Jóhannesi Þórðarsyni, sem stefnda hafði búið með í mörg ár, var eigi stefnt sem sakaraðilja samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1921, með því að málið horfði í lok lögreglurjettarrannsóknarinnar þann veg við, að ekki þykir óforsvaranlegt að honum var ekki stefnt.

Og víkur þá máli að aðalatriðinu, faðerni barnanna, sem eitt var sótt og varið hjer í rjetti.

Að vísu má telja víst, að bæði prestur og skírnavottarnir hafi talið Jóhannes Þórðarson, sem ekki var viðstaddur skírnarathöfnina, föður barna stefndu, vegna þess hve lengi þau höfðu búið saman. Og samkvæmt upplýsingum þeim, sem áfrýjandi hefir lagt fram, má gera ráð fyrir, að stefnda hafi rent grun í þetta álit þeirra. En hún verður þó ekki

talín hafa lýst Jóhannes föður barnanna, enda segir prestur í fæðingar- og skírnarvottorði barnanna, að hvorki hafi verið sagt til faðernis þeirra af móðurinni, nje um það spurt af sjer.

Hins vegar verður yfirleitt að telja rök þau, sem færð eru í forsendum lögreglurjettardómsins fyrir fyllingareíði stefndu nægilega sterk gegn bláberri neitun áfrýjanda, sem m. a. var og er kvæntur maður, til þess eftir atvikum að láta úrslit málsins velta á eíði hennar samkv. 15. gr. laga nr. 46/1921. Og með því að fallast má á lögreglurjettardóminn að öðru leyti, þá ber að staðfesta dóminn, þó þannig að stefnda vinni eíð að því, að hafa haft samfarir við áfrýjanda einan karlmanna á þar til teknu tímabili og eíðsfresturinn teljist frá uppsögn þessa hæstarjettardóms.

Vinni stefnda eíðinn, á áfrýjandi að greiða henni málskostnað fyrir hæstarjetti, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál af hennar hendi, þar með talðar 100 kr. til talsmanns hennar þjer í rjetti.

En verði stefndu eíðfall, á hún að greiða áfrýjanda 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti. Að öðru leyti á málskostnaður þar, þar á meðal 100 kr. málfutningskaup talsmanns hennar, þá að greiðast af almannafje.

Það athugast, að staðfestingargjalds hefir verið ranglega krafist í hjeraði, sbr. 9. gr. laga nr. 27/1921 og 10. gr. laga nr. 46 s. á., svo og ritlauna, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1924, sem ekki verður talið breytt með 10. gr. laga nr. 64/1917 á þá leið, að áður gjaldfrjáls eftirrit sjeu gerð gjaldskyld með síðarnefndri lagagreiu.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum á að vera óraskað, þó þannig, að stefnda, Sigríður Þórðardóttir, vinni eið að því, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda, Einar Einarson, einan karlmannna á tímabili því, sem til er tekið í dóminum, og að eiðsfresturinn sje talinn frá uppsögn dóms þessa.

Vinni stefnda eiðinn, á áfrýjandi að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál af hennar hendi, þar með talið 100 kr. málflutningskaup talsmanns hennar þar, Pjeturs Magnússonar hæstarjettar-málflutningsmanns.

Verði stefndu hins vegar eiðfall, á hún að greiða áfrýjanda 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti. Að öðru leyti á málskostnaður þar, þar á meðal 100 kr. málflutningskaup nefnds talsmanns hennar, þá að greiðast af almannafje.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 19. júní 1923 ól ógift stúlka, að nafni Sigríður Þórðardóttir, Nýlendingötu 18 hjer í bænum, tvíbura, sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið Þórður og meybarn, sem hlaut nafnið Fjóla, en það barn dó 19. ágúst s. á. Eigi er annað upplýst í málinu en að börn þessi hafi verið fullburða og fæðst á rjettum tíma.

Samkvæmt fæðingar- og skírnarvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, hefir kærandi ekki sagt til faðernis barnanna við fæðingu þeirra nje skírnina, en 24. nóvember f. á. skrifar hún lögreglustjóra brjef, þar sem hún lýsir Einar Einarsson, bátasmið, til heimilis á Nýlendingötu 18, fæðar barnanna, tekur það jafn-

framt fram að hann hafi þegar greitt sjer kr. 300,00 í meðlagaskyni með börnum þessum og fer þess á leit við lögreglustjóra að hann fái kærðan til þess að gangast við faderninu, og lögreglustjóri að því bánu skyldi hann til þess með úrskurði sínum að greiða meðlag og barnsfararkostnað samkvæmt lögum; en neiti kærður að gangast við faderni barnanna, óskar kærandi að barnsfadernismál verði höfðað gegn hinum lýsta föður.

Kærður hefir stöðugt bæði fyrir lögreglustjóra og dómaranum neitað að gangast við faderni barnanna, og hefir því mál þetta verið höfðað gegn honum, eftir að kærandi hefir fengið málssóknarfrest sinn framlengdan með leyfi dómsmálaráðuneytisins dags 25. janúar þ. á. Í málinu hefir kærandi gert þær kröfur að kærður verði dæmdur fadur tvíburanna, sem hún ól 19. júní 1923 og að honum verði gert að skyldu að greiða meðlag með þeim og barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds.

Sáttatilaun hefir reynst árangurslaus.

Kærandi hefir ásamt Jóhannesi nokkrum Þórðarsyni búið í herbergi einu í kjallara hússins Nýlendingötu 18 í 11 ár samfleytt, en þau fluttust þaðan í júlímánuði f. á. Kærður er eigandi húss þessa og hefir jafnan verið leigusali þeirra, en sjálfur býr hann í sama húsinu ásamt eiginkonu sinni og börnum. Leigan eftir þetta eina kjallaraherbergi var 5 kr. á mánuði, en 5 síðustu árin greiddu þau kærandi og Jóhannes enga húsaleigu. Í kjallaranum hefir kærður smíðaverkstæði, sem sami inngangur er inn í og í kjallaraherbergi þeirra, kærandi og Jóhannesar.

Kærandi heldur því nú fram, að síðustu 5 árin, sem hún bjó þarna í kjallaranum, hafi kærður oft og iðuglega haft holdleg mök við sig; kveður hún mök þessi hafa átt sjer stað ár eftir ár, á öllum tímum árs, og það svo oft, að ekki sje viðlit að telja það alt upp. Segir hún að kærður hafi setið um öll tækifæri, þegar að fólk hans var ekki heima, jafnvel komið heim úr vinnu annarstaðar frá um miðjan dag til þess að ná henni á sitt vald og hafa holdlegt samræði við hana; sjerstaklega segir hún að þetta hafi oft átt sjer stað sumarið 1922, því þá hafi kona hans að jafnaði farið annanhveru dag inn á frakkneska sjúkrahúsið hjér í bænum til að vitja um sjúkling.

Samræðin kveður kærandi hafa átt sjer stað á verkstæði kærðs eða í heyllöðu, sem hann á og hefir til umráða þarna við húsið.

Kærandi heldur því fram að kærður hafi oft og iðuglega meðan hún gekk með tvíburana, sem hún ól 19. júní 1923, kann-

ast við það fyrir sjer, að hann væri faðirinn, lofað að greiða henni meðlag og fengið henni kr. 50,00 til að kaupa barnaklæðnað áður en hún ól tvíburana og þriðja daginn sem hún var á fótum eftir að hún ól börnin, fjekk hann henni aðrar kr. 50,00 að sögn hennar. en síðan hefir hann greitt henni kr. 300,00 í meðlagsskyni auk kr. 25,00, sem hann fjekk henni til að kaupa vagn handa barninu Þórði. Kærandi neitar því eindregið að hafa haft samræði við aðra karlmenn en kærðan á getnaðartímanum.

18. mars 1925 ól kærandi fullburða andvana meybarn, og heldur hún því fram, að kærður hafi einnig verið faðir þess, enda hafi hann þegar hún var búin að ná sjer eftir að hafa fætt tvíburana, byrjað að hafa samræði við sig aftur og hafi það haldist þangað til hún flutti úr húsinu.

Hún heldur því fram, að kærður hafi kannast við fyrir sjer að vera faðir þessa barns og að hann hafi, áður en hún lagðist á sæng, greitt sjer kr. 50,00 til að kaupa fót á barnið, en út af þessum barnsburði hefir kærandi engar kröfur gert á hendum kærðum.

Kærður neitar því eindregið, að þessi framburður kærandi sje á nokkurn hátt rjettur. Hann heldur því fram, að hann hafi aldrei haft samræði við kærandi og aldrei greitt henni neina peninga, enda aldrei kannast við, að hann væri faðir barnanna. Hann kveður Jóhannes Þórðarson eitt sinn hafa minst á það við sig, að hann (kærður) mundi vera faðir barnanna, og kveðst hann þá hafa neitað því eindregið. Ennfremur kveðst hann hafa frjett það síðastl. haust, að kærandi væri farin að bera það út um bæinn, að hann væri faðir drengsins hennar, Þórðar, og kveðst hann þá hafa gert sjer ferð heim til hennar, til þess að spyrja hana að því, hvort það væri satt, og kveður hann kærandi hafi svarað því þannig, að hún hafi aldrei gefið upp neinn föður að börnunum, sem hún ól 19. júní 1923 og 18. mars 1925.

Hann kannast við það, að þau Jóhannes og kærandi hafi enga húsaleigu greitt síðustu árin, en kveðst hafa gefið hana eftir í gustukaskyni.

Jóhannes Þórðarson, sem hefir búið með kærandi mörg undanfarin ár, hefir verið leiddur sem vitni í þessu máli. Hann hefir haldið því fram, að hann hafi sjeð kærandi og kærðan í faðmögum, hann kveður sjer kunnugt um, að kærandi hafi fengið peninga hjá kærðum, að minsta kosti 3—400 krónur; hann kveðst ennfremur hafa gengið hart að kærandi með það, hver væri faðir barnanna, og hafi hún þá sagt sjer, að það væri kærður. Hann

hefir og haldið því eindregið fram í málinu, að hann hafi aldrei 6—7 síðustu árin haft holdlegt samræði við kærandi, því hann kveðst hafa verið mjög þungt haldið af spönsku veikinni 1918, verið mjög lasburða og heilsutæpur síðan og ekki haft neina löngun til þess að skifta sjer af kvenfólki. Ennfremur heldur hann því fram, að það hafi jafnframt stuðlað að því, að hann hafi ekki haft samræði við kærandi í seinni tíð, að sjer hafi verið kunnugt um, að hún og kærður lifðu þannig saman, en þótt sjer hafi verið þetta samlíf þeirra á móti skapi, hafi hann ekki sjeð sjer fært að skifta sjer af því, því hann kveðst hafa verið mjög ósjálfstæður gagnvart kærðum, þar sem hann (Jóhannes) hafi verið svo heilsutæpur og fjelítill, en kærandi og hann fengu peninga hjá kærðum og húsnæði endurgjaldslítið og síðustu árin endurgjaldslauast. Þenna framburð sinn hefir Jóhannes Þórðarson staðfest með eiði. Að tilhlutun dómarans hefir læknisskoðun farið fram á Jóhannesi Þórðarsyni og við hana komið í ljós, að hann mundi vera fær um að eignast barn með kvenmanni.

Þá hefir og dóttir kærandi, Júlía Hjörleifsdóttir, sem leidd hefir verið sem vitni í málinu, haldið því fram, að hún hafi verið heima hjá móður sinni síðastlíðið haust þegar kærður kom þangað, kveður hún kærðan hafa kallað á móður sína út fyrir húsið og tók að tala við hana þar og var mjög hávær, fór vitnið þá fram að dyrunum til að hlusta á mál þeirra og heyrði að kærður spurði kærandi hvort það væri satt, að hún væri að bera það út um bæinn, að hann væri faðir Þórðar litla, hún svaraði því einu, að það væri þá ekki nema það sem satt væri; játaði kærður því, en bætti við, að hún sæi það sjálf hvar það lenti fyrir sjer og heimili sínu, ef þetta bærisk út. Ennfremur heldur hún því fram, að þegar hún hafi verið heima hjá móður sinni, (kærandi), þá hafi hún eitt sinn komið að henni og kærðum, þar sem hann hjelt utan um hana, og í annað skifti kveður hún móður sína hafa komið út af verkstæði kærðs kafrjóða og heita, og þegar hún gekk á móður sína, skýrði hún henni frá því, að hún hefði verið þarna inni hjá kærðum.

Dómarinn hefir leitað sjer nokkurra upplýsinga um feril kærandi og kærðs. Um æfiferil kærandi er það heist að segja, að hún hefir ákömmu eftir tvítugsaldur trúlofast manni nokkrum; var kærandi þá ásamt manni þessum vinnuhjú að Bolafæti í Árnessýslu hjá hjónunum Guðbrandi Tómassyni og Hólmafríði Hjörtesdóttur. Við mann þennan hjelt kærandi í nokkur ár og átti með honum 4 börn, þar af eina tvíbura, en þá yfirgaf maður-

inn kærandi og tók saman við aðra stúlku. Kærandi fluttist þá til Jóhannesar Þórðarsonar bónda á Egilstöðum og konu hans komst hún þar upp á milli þeirra hjóna, varð þunguð af völdum Jóhannesar og fór þannig burt frá Egilstöðum til Reykjavíkur, en Jóhannes skildi við konu sína og kom til Reykjavíkur á eftir henni eftir hálf tveim árum. Hjer endurnýjuðu þau kunningsskap sinn og hafa búið saman síðan og átt fjögur börn, þar af eina tvíbura.

Þar sem kærandi og Jóhannes hafa búið saman undanfarin ár, hafa þau bæði verið ítarlega aðspurð um það, hvort þau hafi eigi haft samræði saman undanfarin ár, þannig að hann geti verið faðir tvíbura, en þau neita því bæði mjög eindregið og halda því fram, að þau hafi aldrei hin síðustu árin sofið í sömu hvílu og alls ekki haft holdlegt samræði.

Um æfiferil kærða er það að segja, að hann hefir með aukarjettardómi Árnassýslu uppkv. 10. mars 1899 verið dæmdur í 5 daga fangelsi við vatn og braud fyrir einfaldan þjófnað og hefir hann afplánað þá refsingu.

Með hinum framkomnu vitnaframburðum og því, að kærandi hefir um langan tíma búið leigufrítt í herbergi í húsi kærða, þykja fengnar nægar líkur í málinu til þess, að láta úrslit þess vera komin undir fyllingareiði hennar, þannig, að vinni kærandi löglega undirbúin eigi að því á varnarþingi sínu, að kærður hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 20. ágúst til 20. nóvember 1922, þá skal kærður teljast faðir tvíbura þeirra, er hún ól 19. júní 1923 og vera skyldur að greiða að sínum hluta meðlag með þeim og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og málskostnað í máli þessu, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur. Eidsfrestur þykir hæfilega ákveðinn mánuður frá uppsögn dóms þessa.

Verði kærandi hinsvegar eiðfall á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður að falla niður.